



Félags- og menningarmálanefnd - 04.10.2016

9. fundur

04. október 2016, kl. 14:30-16:00

Fundarstaður: Sel Hótel

Fundarmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Sigurður Böðvarsson

Jóhanna Njálisdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Þróstur Stefánsson

Starfsmenn:

Dagskrá:

1. *Skjólbrekka – Framtíðarlutverk og nýting*

1. Skjólbrekka - framhaldsumræða

Nefndarmenn eru búnir að ígrunda áður framkomnar hugmyndir og eru sammála um að setja ekki fram hugmyndir að framtíðarlutverki og nýtingu Skjólbrekku að þessu sinni. Tillaga nefndarinnar er svohljóðandi:

Framtíðarlutverk Skjólbrekku

Félags- og menningarmálanefnd skynjar sterka undiröldu í samfélaginu og áhuga á eflingu menningarstarfs. Þar af leiðandi finnst okkur mikilvægt að hlutverk Skjólbrekku sem menningarhús verði eftl. Tillögur nefndarinnar að fyrstu skrefum í því ferli eru að:

1. *Aðilar sem eiga muni í húsinu taki til í sínum fórum*
2. *Ráðist verði í úrbætur í bókasafni hið fyrsta, sjá fylgiskjal*
3. *Íbúafundur verði haldinn í lok nóvember varðandi framtíðarhugmyndir um notkun hússins*
4. *Núverandi leigutaka verði boðinn nýr samningur til 31. ágúst 2017*

Nefndin hefur lagt mikla vinnu í að skoða málefni Skjólbrekku og er reiðubúin til að undirbúa íbúafundinn og halda áfram með vinnu að framtíðarhlutverki og nýtingu hússins í kjölfar hans.

Fundi slitið kl. 16:00.